



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í **apríl 2022** Efni þarf að berast í síðasta lagi **3. apríl**



Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er áskrifandi af ýmsum timaritum, Sýrþunni og Rauðu seriunni. Eins eru alltaf einhverjar nýjar og spennandi bækur á safninu til að lesa eða til að flétta og skoða.

Lestrastund er gæðastund - Verið hjartanlega velkomin

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13

Munið að skila safngögnum, skilalúgan er alltaf opin ☺




Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook



Sundlaugin á Flúðum.

Vetraropnun:

Mánudaga til miðvikudaga: 16:00-20:30

Fimmtudaga: LOKAÐ

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Mars 2022
Rítstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

32 árgangur.
369 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Marsmánuður er runninn upp og enn og aftur kemur veðurfarið okkur á óvart. Ekkert ár er víst eins og ef maður ber saman þetta við það síðasta þá eru þau eins og svart og hvítt eða réttara sagt hvítt og autt !!! . Þó nóg sé af snjó og hálfu þessa dagana þá getum við samt þrifað okkur sæl miðað við sum samfélög varðandi magn af þessu hvíta hráefni og tjóni vegna fárviðra. Kannski er það raunveruleikinn að öfgar í veðurfari verða okkar hlutskipti. Það er þó ljós framundan því með hækkingu sól þá er viðeigandi að við getum loksins haft okkar „Hjónaball“ þann 26. mars n.k. Hjónaballsnefndin hefur úr tveggja ára efni að móða þannig að ég efa ekki að það kemur margt forvitnilegt fram en umfram allt þá verður gaman að geta loksins haldið ball saman. Hvet ég alla til að fjölmenna á þennan viðburð okkar og skapa einstaka endurkomustemmingu í íþróttahúsinu.

Nú eru skipulagsmál nokkuð áberandi hjá sveitarstjórn. Verið er að útbúa nýtt deiliskipulag fyrir hálendismiðstöðina í Kerlingarfjöllum og verður spennandi að vinna að uppbyggingu þar með öflugum aðilum. Þá er verið að gera klárt í deiliskipulagsbreytingu á einni götu í landi Byggða á Bríkum til að geta komið af stað fyrsta áfanga þar sem verða 24 íbúðaeiningar. Hefur gatan hlotið nafnið Norðurtangi. Það er ágætt að koma þessu verkefni af stað en nú hefur öllum lóðum við Birkibýggð í Gröf verið úthlutað og ættu framkvæmdir á fyrstu húsunum að fara af stað með vorinu.

Síðan liggur það verkefni fyrir að klára heildarendurskoðun á deiliskipulagi á landi Byggða á Bríkum og ákveða þar næstu skref. Þar bíða m.a. skemmtilegar þælingar um að tengja svæðið við Selsvöll sem nú er í eigu Golfklúbbs Flúða. Þar eru einnig þælingar um uppbyggingu á hóteli á Seli og þá þarf að huga að göngustígatengingum af þessu svæði við miðbæ Flúða og fleira skemmtilegt í þessu sambandi.

Það er ánægjulegt í sambandi við þessa íbúðaumræðu að Hitaveita Flúða er með lægsta húshitunarkostnað á landinu og Flúðir eru síðan í öðru sæti varðandi heildarkostnað á rafmagns- og húshitunarkostnaði á landinu. Hitaveita Flúða er því mikið stolt okkar og það er ljóst í umræðunni varðandi uppbyggingu á öðrum þéttbýliskjörnum að mikilvægt er að hafa gott aðgengi að heitu og köldu vatni svo ekki sé talað um möguleika á ljósleiðaratengingu. Þannig eigum við að vera í nokkuð góðum málum að geta sinnt þessu öllu með sóma.

Ekki hefur Covid alveg kvatt okkur því þó öllum takmörkunum hafi verið aflétt þá þurfa vinnustaðir að stilla og slípa sína starfssemi miðað við veikindi og forföll og það á einnig við um stofnanir sveitarfélagsins. Við höfum reyndar verið þínulítið heppin að smitin hafa gengið yfir í hæfilegum skömmtum, bæði hjá starfsfólki og nemendum, þannig að ekki hefur komið mikið til þess að faraldurinn leiði til stórra stoppa. Það verður seint fullþakkað starfsfólki og samfélaginu öllu að halda þessu gangandi í faraldrinum sem hefur oft verið mjög krefjandi.

Það er því gaman að sjá að Öskudagurinn var haldinn með hefðbundnum hætti og krakkarnir gátu gengið í hús með tilheyrandi söng og skemmtun. Þó greyin hafi reyndar ekki fengið skemmtiveður þá er gott að allt sé að komast í hefðbundið form. Tengt þessu þá hefur verið ákveðið að margfrestuð árshátíð starfsfólks Hrunamannahrepps verði haldin 6. maí og verður það gaman að koma saman og þakka þannig fyrir góð störf. Síðan er búið að leggja til að rusladagurinn verði haldinn 13. maí n.k. þannig að við getum virkjað alla til að gera umhverfi okkar betra.

Nú hafa verið teknar saman aðsóknartölur í sundlaug og tækjasal íþróttahússins fyrir árið 2021. Tæplega 11. þúsund manns sóttu sundlaugina sem er nokkur fjölgun og tæplega 1.700 tækjasalinn sem er nokkur fjölgun líka. Ég vil hvetja alla til að nýta sér þessi heilsubótaúrræði sveitarfélagsins og minni á tilboð aldarinnar á árs korti í sundlaug, tækja- og íþróttasal upp á kr. 15.500 sem er nær gjöf en gjaldi miðað við hvaða lífsgæði eru innifalin að nýta sér þessa þjónustu.


Síðan liggur fyrir að það verða sveitarstjórnarkosningar þann 14. maí og kjörstjórn búið að auglýsa eftir framboðslistum. Hvet ég fólk til að sýna þessu verkefni áhuga því það er mikill lærdómur að sitja í sveitarstjórn og tengjast þeim verkefnum sem hvert samfélag þarf að sinna. Sveitarstjórn hefur síðan ákveðið að aðstoða framboð með aðstöðu og fjárstuðningi til að styðja við þá sem vilja taka þátt í þessu nauðsynlega samfélagslega verkefni.

Að lokum þá verður því miður ekki hægt annað en að minnast á ástandið í Úkraínu og þær afleiðingar sem þessi vægast sagt óskynsamlegu atburðir hafa valdið. Sveitarstjórn hefur tekið undir ályktun um fordæmingu á þessu atburðum og þar sem nokkrir íbúar okkar eru frá Úkraínu þá stendur málið okkur nærri. Sveitarfélagið mun síðan reyna að hjálpa eftir megni í þessum aðstæðum ef nauðsynlegt reynist en vonandi birtir öll él upp um síðir.

Göngum bjartsýn til verka á móti hækkandi sól.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



Teiknistofan Hugmynd

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskildum raflagna- og brunakerfum

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina

Netfang: flight@simnet.is

Sími: 699-0757

Heimili: Högnastíg 14
845 Flúðir

HUGMYND



**RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS**

**TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA**

**JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS**

**SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.**

**RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS**

NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com - facebook.com/NG ehf



Atvinna

Áhaldahús Hrunamannahrepps

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsmanni í 100% starf í áhaldahúsi Hrunamannahrepps. Meginstarfið felst í starfi aðstoðarmanns hreinsunarbifreiðar sem sér um hreinsun á seyru í Uppsveitum og síðan almenn störf á vegum áhaldahússins. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu vegna skráningar upplýsinga í tölvukerfi og meðferð vinnutækja. Laun og ráðningarkjör eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna og nánara samkomulagi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is. Umsóknnum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 25. mars n.k.

Atvinna—Sumarvinna.

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu við sundlaugina á Flúðum. Viðkomandi þurfa að hafa náð 18 ára aldri og ljúka sundlaugarvarðarprófi og skyndihjálparnámskeiði. Umsóknir berist til Péturs á netfang: petur@fludir.is fyrir 31. mars nk. Allar nánari upplýsingar hjá Pétri í síma 895 6603 eða á netfang: petur@fludir.is

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá **13. júní** til og með **8. júlí** í sumar. Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 2006–2008. Umsóknir berist fyrir 25. apríl á Skrifstofu Hrunamannahrepps eða á netfang heilsueflandi@fludir.is. Nánari upplýsingar í síma 480 6600 eða Gunnar í síma: 892 5532

Hvatagreiðslur.

Foreldrar og forráðamenn barna á aldrinum 6– 16 ára eru hvattir til að sækja um hvatagreiðslur vegna íþróttá-, -lista og tómstundaiðkunar skv. reglum Hrunamannahrepps. Umsóknarfrestur er til 1. maí vegna vorannar 2022. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Hrunamannahrepps, og á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00,

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur

Flokkunarhornið.

Afgangslýfjum og umbúðum sem hafa komist í snertingu við þau skal skila í apótek til eyðingar. Ytri umbúðum (pappi/plast) lyfjanna, sem ekki hafa komist í snertingu við lyfin, má skila til endurvinnslu.



RORUM

Rannsóknir og ráðgjöf
í umhverfis-
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási.

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá 8-15
alla virka daga.**

Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

**Blóðprufur eru teknar mánudaga til fimmtudaga. Athugið
að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf
að liggja fyrir .**

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035

Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga,
föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið
aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa sam-
band við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxl

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Hvernig er þitt hugarfar?

Hvort veljum við gróskuhugarfar eða festuhugarfar? Talið er að gróskuhugarfar hafi fleiri jákvæðar hliðar eins og aukin þrautseigja, meiri trú á eigin getu og það verði auðveldara að takast á við mótlæti.



Forvarnarfyrirlestrar á vegum Heilsueflandi Uppsveita

Nú er Heilsueflandi Uppsveitir komin í samstarf með forvarnarteymi sveitarfélagsins Árborg um að hafa mánaðarlega fyrirlestra um hin ýmis málefni. Yfirleitt eru þetta klukkutíma streymdur fyrirlestrar á forritinu Teams og þá annað hvort á þriðjudags- eða miðvikudagskvöldi. Viðburðirnir verða auglýstir á heimasíðum sveitarfélaganna og á fésbókarsíðu Heilsueflandi Uppsveita. Einnig kemur til greina að boða til samkomu tengt þessum fyrirlestrum þar sem íbúar/foreldrar gæta rætt þema fyrirlestursins. Þeir fyrirlestrar sem verða streymdir á Teams og eru planlagðir:

Mars: Vímuefnafræðslan Veldu

Apríl: Tölvunotkun barna (Eyjólfur Örn)

Apríl/mái: Svefn og næring ungbarna (Hafdís Guðnadóttir, ljósmóðir)

September: Lögregla fjallar um ofbeldi ungmenna og tilkynningarskyldu til barnaverndar

Október: Orkudrykkjanotkun ungmenna (Pálmar Ragnarsson)

Nóvember: Theodór Francis fjallar um mikilvægi samveru fjölskyldunnar.

80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háhelví 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



REKSTRARVÖRUR TIL HEIMILIS

Olíuvörur og allt fyrir dýrin....stór og smá!



LANDSTÓLPI

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

Bílaverkstæði



Opið frá kl: 08:00-17:00

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

LYFJA SELFOSSI
ÚTIBÚ LAUGARÁSI
BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

OPIÐ

10-16 mán - fim

Lokað fös - sun



Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.
Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.
Vinsamlegast pantið tíma í síma
845-9816 Halyna.



Fótaaðgerðastofa Öddu Siggú Miðfelli 2a

Opið alla virka daga frá 8-16
Tímá pantanir í s: 8676580



Opið Miðvikudaga - Sunnudaga

11:30-17:30



Melum, Flúðum

facebook.com/litlabaendabudin

instagram.com/litlabaendabudin

HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á FRAMÞRÓUN HRUNAMANNAHREPPS?

*Opinn undirbúningsfundur vegna framboðsmála
miðvikudagskvöldið 23. mars kl. 20:00 í
Félagsheimili Hrunamanna*

Komum saman og látum hugan reika um hvert við viljum sjá samfélagið okkar þróast til næstu ára. Hvað er gott og hvað má bæta? Málefni sveitarinnar skipta okkur öll máli og mikilvægt að fá sem flesta að borðinu til að ákveða hvert við viljum stefna í komandi framtíð.

HÖFUM GAMAN OG KOMUM SAMAN!

Fyrir hönd undirbúningshópsins
Daði Geir Samúelsson



Atvinna
Þjónustufulltrúi seyruverkefnis
-afleysing-

Hrunamannahreppur f.h. sex sveitarfélaga í samstarfi um seyruverkefni í Uppsveitum og nágrenni leita að jákvæðum og áhugasömum einstaklingi til starfa í afleysingum fyrir sveitarfélögin sem þjónustufulltrúi seyruverkefnis sveitarfélaganna.

Verkefnið er samstarfsverkefni sveitarfélaganna, Landgræðslunnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og reka sveitarfélögin móttökustöð fyrir seyru á Flúðum og annast hreinsun rotþróa í sveitarfélögum. Viðkomandi þarf að vera mjög fær í mannlegum samskiptum, tilbúinn að fást við ólík verkefni, skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum, hafa þekkingu á staðhátum, ökuréttindi og góða almenna tölvukunnáttu. Skipulag vinnutíma tekur mið af því að hreinsun á seyru fer fram á tímabilinu frá maí til október ár hvert en gert er ráð fyrir að afleysingin vari a.m.k. út árið 2022.

Laun og ráðningarkjör eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna og nánara samkomulagi. Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf eftir samkomulagi en í síðasta lagi vorið 2022. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða hruni@fludir.is. Umsóknnum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 25. mars n.k.





Öskudagurinn.
Nokkrar myndir frá heimsóknunum syngjandi barna
til okkar á skrifstofunni.)



Sveitarstjórnarkosningar 2022

Tekið verður á móti framboðum til sveitarstjórnarkosninga í Hrunamannahreppi í Félagsheimili Hrunamanna Huppusal laugardaginn 2. apríl kl. 11-12.

Kjörstjórn vekur athygli á að ný kosningalög tóku gildi 1. janúar 2022.

Kjörstjórn Hrunamannahrepps